

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Katrínu Oddsdóttur

Lagt fram á 13. fundi Stjórnlagaráðs, 16.6.2011

Lýðræðisleg þátttaka almennings

2. gr. tillagna sem lagðar voru fram á 12. ráðsfundi ásamt viðbótum

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali frá 12. ráðsfundi
Núverandi tillögur C-nefndar innihalda ekki eftirfarandi ákvæði en lagt er til að ekki verði horfið frá tillögu sem C-nefnd lagði fram á 12. Ráðsfundi um svokallað „Agenda Initiative“ almennings, en þó að lægra hlutfall þurfi til þess svo að almenningi sé annar vegur fær til að hafa áhrif en í almennum kosningum og með ákalli um þjóðaratkvæðagreiðslu.	Eitt af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp um tiltekið málefni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Þriðjungur þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi. Nánari reglur um málsmeðferð skulu settar með lögum. [Almenningi er heimilt að senda erindi til nefnda Alþingis sem ber að taka þau til meðferðar.]	Tíu af hundraði kjósenda geta lagt frumvarp um tiltekið málefni fyrir Alþingi til þinglegrar meðferðar. Þriðjungur þingmanna getur ákveðið að bera frumvarpið undir þjóðaratkvæði áður en það er afgreitt á Alþingi. Nánari reglur um málsmeðferð skulu settar með lögum.

Skýring:

Leið fyrir almenning að hafa áhrif á málefni sem tekin eru fyrir af löggjafanum án þess að neyðast til að grípa til jafn afgerandi úrræðis og þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta myndi mögulega minnka líkur á tíðum þjóðaratkvæðagreiðslum og valda því að almenningur gæti látið til sín taka án þess að þurfa að kosta miklum tíma og tilkostnaði til. Tillagan eykur þannig lýðræðislega aðkomu almennings að Alþingi og veitir „vægara úrræði“ en beiðni um þjóðaratkvæðagreiðslu til að hafa frumkvæði að lagabreytingum.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirbyggjandi texta.